

Samþykkt fyrir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

1. gr.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur starfar á vegum borgarstjórnar skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Um verkefni barnaverndarnefndar fer skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003, sbr. einnig samþykkt borgarstjórnar 7. júní 2005 um stjórnkerfi barnaverndarmála. Nefndin mótastefnu í málaflokknum, að höfðu samráði við velferðarráð, tekur ákvarðanir og hefur eftirlit með því að samþykktum hennar og stefnumörkun sé fylgt.

3. gr.

Nefndin er svo skipuð að í henni eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar og skal hann vera lögfræðingur. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar skal vera hið sama og borgarstjórnar.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipan undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

4. gr.

Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.

5. gr.

Nefndin heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Nefndin getur haldið fundi opna almenningi til að kynna starfsemi sína.

6. gr.

Formaður boðar til fundar í samráði við framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar eða þann sem hann tilnefnir í sinn stað hverju sinni. Formaður getur falið framkvæmdastjóra að annast fundarboðun. Nefndin skal halda gerðabók. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 eftir því sem við á.

Barnavernd Reykjavíkur sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur henni til fundarritara.

7. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs ræður framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur, sbr. 8. gr. samþykktar fyrir velferðarráð, dags. 5. apríl 2005.

8. gr.

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun barnaverndarnefndar og Barnaverndar Reykjavíkur er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun velferðarsviðs.

9. gr.

Formaður barnaverndarnefndar er í forsvari fyrir nefndina.

Framkvæmdastjóri Barnaverndar ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu Barnaverndar Reykjavíkur þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd á ákvörðunum nefndarinnar.

10. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna fer samkvæmt 23. til 26. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 og 42. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Sama á við um starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur.

11. gr.

Um þagnarskyldu nefndarmanna og starfsmanna vísast til 5. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001.

12. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með samþykkt borgarstjórnar 4. apríl 2002.

*Samþykkt í borgarstjórn 4. apríl 2002, sbr. breytingar
samþykktar í borgarstjórn 20. desember 2005*